

Stjórnarfundur 7 þriðjudaginn 13. maí 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Dagbjört Víglundsdóttir í síma. Mundína Ásdís Kristinsdóttir og Brynja Magnúsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Hreggviður Norðdahl mætti ekki

Dagskrá

- CEV/SCD mótið
- Ársþing BLÍ, kosningar, ársþ. á tveggja ára fresti, skipulag, mótahald næsta tímabils, eindagar á umsóknum o.s.frv.
- Smáþjóðaleikarnir hér á landi
- Önnur mál
 - Sekt UMFA
 - Óli J
 - Blakdúkur á næsta Öldungamót
 - Annað

Fundargerð

- CEV/SCD mótið
 - Nefndin hittist vikulega og fer yfir málin.
 - BLÍ hefur átt í bréfaskiptum við CEV út af LED skiltunum sem verða í kringum leikvöllinn.
 - Sporttv mun sýna alla leiki mótsins og möguleiki er á því að Laola kaupi leikina einnig.
 - Annað skipulag er í vinnslu, s.s. sjálfbóðaliða, transport, hótél, matur og matarpakkar o.fl.
- Ársþing BLÍ
 - Vegna anna í tengslum við landsliðin og EM mótið í vor var ákveðið að fresta ársþinginu sem átti að vera næstkomandi laugardag.
 - Samþykkt var ný dagsetning fyrir þingið, 14. júní í Reykjavík. Þingboð verður sent út mánuði fyrir eins og lög gera ráð fyrir.
 - Formaður innti eftir framboðum til stjórnar en Stefán og Kristján eru að ljúka sínu kjörtímabili í vor.
 - Ákveðið að skoða vel þann möguleika að halda ársþing annað hvert ár eins og er hjá mörgum sérsamböndum. Það krefst lagabreytinga.
 - Sævari var falið að minna formenn nefnda að skila inn skýrlum starfsársins fyrir ársskýrslu BLÍ.

- Rætt um mótahald á næsta ári. Ákveðið að setja á fund með forsvarsmönnum allra félaga vegna kynningar á notkun rafrænnar leikskýrslu. Það er ljóst að kostnaður vegna kerfisins er mikill og ekki hjá því komist að hækka þátttökugjöld úrvalsdeildar vegna þess. Fundurinn verður settur á eins fljótt og auðið er í maí.
- Smáþjóðaleikar á Íslandi
 - Sævar sótti samráðsfund vegna leikanna og sagði frá því helsta.
 - Sævar sagði einnig frá fundi fjölmiðlanefndar ÍSÍ þar sem fram komu sláandi tölur um að minni sérsambönd fái mjög litla umfjöllun í fjölmiðlum. Næstu skref nefndarinnar er í vinnslu.
- Önnur mál
 - Sekt Aftureldingar. Karlalið UMFA mætti ekki til leiks í tvo leiki í deildakeppninni í blaki í febrúar. Samkvæmt leikskýrslum voru leikirnir flautaðir af og Þróttur Nes vann þá báða 3-0 (25-0, 25-0 og 25-0). Samkvæmt Reglugerð um frestanir leikja skal sekta liðið um kr. 80.000.- á leik ef lið mætir ekki til leiks. UMFA mætti ekki í tvo leiki og verður félaginu því sent sektarboð vegna þessa.
- Óli J
 - Síðan í apríl hefur Ólafur Jóhann Júlíusson verið að vinna fyrir BLÍ og sérstaklega fyrir mótið í vor. Formaður, Stefán og Aðalsteinn tóku ákvörðun símleiðis að ráða hann til verkefnisins í apríl. Þetta er gert til að létta undir Sævari á skrifstofunni vegna mótsins og landsliðsmála.
 - Blakdúkur á öldungamót 2015 – beiðni frá Þrótti Nes.
 - Ákveðið að lána gólfín til verkefnisins með eðlilegum tryggingum.
 - Félagið sækir og skilar dúkunum á sama stað.
 - Sævar sér um samskipti við Matthías
- Styrkbeiðni frá Fylki. Tekin fyrir og Jason svarar Torfa Rúnari
 - Rætt um í framhaldinu um að leggja línur varðandi útbreiðslumál og auglýsa styrkveitingar til félaganna.
- Landsliðsmál
 - Aðeins farið yfir verkefnin sem framundan eru
 - Rætt um að koma landsliðsmálum í strandblaki í farveg – sérstaklega undankeppni ÓL í sumar.
- Bréf frá Elsu varðandi skyndihjálpi – rætt
-

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð